

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – 133. fundur 21. nóvember 2012, kl 12:10.**

Mætt: Elliði Vignisson formaður, Ólafur Elísson, Sveinn Magnússon, Gunnar Friðfinnsson, Magnús Sigurðsson, Þorsteinn Finnþogason, Fjóla B. Jónsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.  
**Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.**

**1. Skólastarfið:** Skólameistari dreifði yfirliti um skólastarfið á haustönn fram að 21. nóv 2012. Það helsta var þetta: Haustönn 2012 hófst 21. ágúst með kennarafundi og skólastetningu. Kennsla hófst daginn eftir og strax þann dag var busavígslan, sem fór hið besta fram. Í upphafi annar voru 285 nemendur skráðir til náms við skólan, en nú eru nemendur 250. Prófin byrja svo þann 30. nóvember. Útskrift og annarslit verða laugardaginn 15. desember. Námsframboð er óbreytt, nema að nemendur voru of fáir í FabLab áfangana og skipstjórnarnám hefur ekki verið síðan vorið 2010.

Nýjung hjá okkur, er Listaakademía, en hún er umgjörð um fjölbreytta áfanga og námskeið, sem tengjast alls konar listum. Á forvarnardegi 31. okt. var boðað til skólaufundar með starfsmönnum og öllum nemendum. Yngri nemendur (undir 18 ára) fengu fræðslu um skaðsemi tóbaks, en eldri nemendur hlýddu á fyrirlestur um einelti og varnir gegn því. Nokkrum dögum síðar kom svo hjúkrunarfræðingur frá landlækni og flutti fyrirlestur fyrir alla nemendur, um skaðsemi munntóbaks.

Stjórnendur hafa sótt fundi og ráðstefnur sem snerta ýmis verkefni, sem eru í gangi eða í undirbúningi. Skólinn tekur þátt í starfi "Menntahóp sjávarklasans" og verkefnið "Heilsueflandi framhaldsskóli" er í gangi. Skólameistari sótti fund í samstarfsnefnd framhaldsskóla 7. – 8. nóv. á Selfossi, þar sem aðalefni var innleiðing nýrrar námskrár og áhrif kjarasamninga á hana. Einnig voru mál innflytjenda í skólunum á dagskrá, ásamt kynningu á verkefni gegn brothvarfi.

Unnið er að nýjum skólasamningi við ráðuneytið og að rekstraráætlun næsta árs.

Framkvæmdir við hús skólans í sumar og haust: Þakið á gamla hlutanum var lagað og háloftið einangrað, nýir gluggar settir í á norðurhlíð. Hljóðvist á kaffistofu var löguð með plötum í loft. Verið er að skoða bætta útilýsing og merkingu á húsið.

Skólanefndin ræddi vanda skipstjórmarmenntunar og hvað væri hægt að gera í stöðunni.

Fleira var ekki gert

Ólafur H. Sigurjónsson

*Samþykkt 05.03.2013  
Ólafur H. Sigurjónsson*